

Nd.

245. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Á eftir 3. málgr. 6. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi.

Minkarækt skal þó leyfð í Vestmannaeyjum, og skal að fenginni umsögn yfir-
dýralæknis leyfður innflutningur tiltekins fjölda lifandi minka til stofnunar eins
tilraunabús þar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja hinn 30. jan. s. l. var samþykkt einróma
eftirfarandi tillaga:

„Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkir að fara þess á leit við þingmenn Suður-
landskjördæmis, að þeir flytji á Alþingi frumvarp til laga, þar sem heimiluð verði
stofnsetning tilraunaminkabús í Vestmannaeyjum.“

Í samræmi við þessi tilmæli bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum er frv. þetta um
breyting á lögum um loðdýrarækt flutt. En í 6. gr. þeirra laga er fram tekið, að
óheimilt skuli vera að reisa ný minkabú, eftir að lögin koma til framkvæmda.

Um það verður varla deilt, að ef athugun leiðir í ljós, að minkarækt sé fjárhags-
lega hagkvæm hér á landi, eru Vestmannaeyjar ákjósanlegur staður fyrir þessa at-

vinnugrein. Eins og kunnugt er, er fiskúrgangur uppistaðan í fódri þessara dýra, en fiskúrgangur er nægilegur samfellt allt árið í Eyjum, en hefur verið og er enn frystur til útflutnings, eftir því sem við verður komið, og þá aðallega seldur sem minkafóður til nágrannaþjóða okkar, einkum Norðurlandanna. En fyrir hann fæst lítið verð, svo að á mörkum er, að slíkur útflutningur svari tilkostnaði. Sé hins vegar möguleiki á að gera hann verðmætari, ef til vill mun verðmætari, í formi útfluttra minkaskinna, hlýtur það að teljast þjóðfélagslega séð hagkvæmt og eðlilegt. Vitað er, að frændþjóðir okkar, sérstaklega Norðmenn og Danir, afla sér árlega verulegra tekna í erlendum gjaldeyri af útflutningi minkaskinna, og verður að telja verulegar líkur fyrir því, að Íslendingar geti farið eins að.

Frumvörp til laga um heimild til minkaeldis hér á landi hafa áður verið flutt á Alþingi og þau send til umsagnar þeirra aðila, sem eðlilegt var talið að létu álit sitt í ljós um málið. Meðal annars liggur fyrir í skjölum Alþingis álit Náttúrufræðistofnunar Íslands. Er ljóst af umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 15. febr. 1966, að þótt hún sé andvíg innflutningi lifandi minka til stofnunar minkabúa almennt, telur hún þó slíkt helzt koma til greina í Vestmannaeyjum. En lokaorð umsagnarinnar, sem undirrituð er af dr. Finni Guðmundssyni, hljóða svo:

„Ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minkaeldi verði leyft hér á ný, vil ég gera það að varatillögu minni, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega að Vestmanneyingar vilji fallast á að taka við minknum. Í Vestmannaeyjum fellur meira til af fiskúrgangi en í flestum öðrum verstöðvum hér á landi, og þar væri hægt að ganga úr skugga um, hvort minkaeldi er eins arðvænlegt og látið er í veðri vaka, án þess að náttúru landsins í heild sé stefnt í voða.“

Nú liggur það fyrir, að bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum eru sammála um að óska heimildar Alþingis um stofnsetningu tilraunaminkabús þar. Er þar með fullnægt ábendingu í varatillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi málið.

Þó að frv. þetta yrði að lögum, telja flm. ekki þörf frekari breytinga á lögum um loðdýrarækt. Í lögnum er að dómi flm. að finna nægjanlega skýr ákvæði, meðal annars til varnar og öryggis fyrir, að loðdýr sleppi ekki úr girðingum, auk þess sem löggin heimila útgáfu reglugerðar til enn frekari ákvæða varðandi þetta atriði og fleira, sem nauðsynlegt getur talizt að kveða enn skýrar á um en löggin gera ráð fyrir.